



# Úttekt

## Sjúkrahúsið Vogur – ungmennadeild

Samkvæmt lögum um landlækni og lýðheilsu, nr. 41/2007, skal landlæknir hafa reglubundið eftirlit með því að heilbrigðisþjónusta sem veitt er hér á landi uppfylli faglegar kröfur og ákvæði heilbrigðislöggjafar á hverjum tíma.

Embætti landlæknis setti fram [Áætlun um gæðapróun í heilbrigðisþjónustu 2019 - 2030](#) sem heilbrigðisráðherra staðfesti í desember 2018. Embættið hefur áætlunina til hliðsjónar við úttektir sínar á heilbrigðisþjónustu en gert er ráð fyrir að áætlunin verði innleidd í áföngum.

Með eftirlitsstarfi sínu hefur embættið að leiðarljósi að árangursríkasta leiðin til að bæta gæði og öryggi heilbrigðisþjónustu er að efla samstarf og samráð við stjórnendur og starfsfólk heilbrigðisstofnana.

#### Útgefandi

Embætti landlæknis  
Katrínartún 2  
105 Reykjavík  
S. 510 1900  
mottaka@landlaeknir.is  
www.landlaeknir.is

© 2022 Embætti landlæknis

Rit þetta má ekki afrita með neinum hætti, svo sem ljósmyndun, prentun, hljóðritun eða á annan sambærilegan hátt, að hluta eða í heild, án þess að geta heimildar.

## Efnisyfirlit

Inngangur.....	1
Aðferð og bakgrunnur .....	1
Starfsemi og þjónusta .....	2
Gæði og öryggi.....	3
Skráning í sjúkraskrá og upplýsingagjöf .....	4
Gæðavísar .....	5
Skráning og úrvinnsla atvika .....	5
Notendamiðuð þjónusta og umhverfisaðstæður(eða aðbúnaður sjúklinga) .....	6
Mannauðsmál og starfsumhverfi.....	6
Mat embættis landlæknis .....	6

## Inngangur

Samkvæmt lögum um landlækni og lýðheilsu, nr. 41/2007 ber embætti landlæknis að fylgjast með gæðum og öryggi heilbrigðisþjónustunnar og stuðla að umbótum. Gerð var úttekt á ungmennadeild á Sjúkrahúsinu Vogu sem rekið er af Samtökum áhugafólks um áfengis- og vímuefnavandann (SÁÁ). Þegar vísað er til ungmennadeildar í þessari skýrslu er átt við þá ungmennadeild sem fram fer við innlögn ungmenna á Vog. Tilfni úttektarinnar var ábending þess efnis að börn væru í meðferð með fullorðnum einstaklingum upp að 25 ára aldri á ungmennadeild á Vogu. Megin markmið úttektarinnar var að skoða öryggi og gæði heilbrigðisþjónustu og hvort að börn væru í meðferð með fullorðnum einstaklingum.

Embættið hefur [Áætlun um gæðabróun í heilbrigðisþjónustu frá 2019 - 2030](#), sbr. 11. gr. laga um landlækni og lýðheilsu, til hliðsjónar við úttektir sínar á heilbrigðisþjónustu. Tölulegar upplýsingar í þessari skýrslu eru fengnar frá SÁÁ og embætti landlæknis.

Í þessari skýrslu er almennt ekki fjallað um þætti sem voru skoðaðir en leiddu ekki til athugasemda/tilmæla.

Úttektarskýrslan er birt á heimasíðu embættis landlæknis og send heilbrigðisráðuneyti. Embættið þakkar stjórnendum og starfsfólki ungmennadeildar góða samvinnu við úttektina.

## Aðferð og bakgrunnur

Í þessari úttekt var sjónum beint að núverandi stöðu mála og horft til framtíðar. Úttektin tók til atriða er varða öryggi þjónustunnar, en einnig til atriða er varða mönnun, stefnumörkun, stjórnun, gæði sem og umbótastarf á ungmennadeild Vogs. Haldinn var fjarfundur með stjórnendum þann 9. febrúar 2022. Aflað var gagna frá SÁÁ varðandi starfseminu, gæða- og umbótastarf, kvartanir, atvikaskráningar og mönnun. Starfsmenn embættisins fóru í úttektarheimsókn á ungmennadeildina þann 8. september 2022, húsnæði deildarinnar var skoðað og rætt var við stjórnendur og tekin viðtöl við fjóra inniliggjandi sjúklinga á deildinni.

Farið var yfir fyrirliggjandi gögn hjá embætti landlæknis varðandi ábendingar, kvartanir, svo og tilkynningar um alvarleg atvik. Fyrir liggur úttektarskýrsla embættis landlæknis frá árinu 2016, [Meðferðarstofnanir SÁÁ](#). Sú úttekt beindist m.a. að áfengis- og vímuefna meðferð barna á unglingsdeild á Vogu. Í [eftirfylgniskýrslu](#) embættisins frá árinu 2017 kemur fram að stjórnendur hefðu tekið tillit til flestra ábendinga embættis landlæknis.

Þann 12. apríl 2018 barst embætti landlæknis bréf frá þáverandi yfirlækni á Vogu, þar sem upplýst var um að sjúkrahúsið Vogur hefði ákveðið í samráði við heilbrigðisráðherra að hætta að veita meðferð fyrir börn (einstaklinga yngri en 18 ára) þótt þjónustu við börn yrði ekki alfarið hætt. Ástæða þess væri að ekki væri hægt að koma í veg fyrir umgengni barnanna við fullorðna einstaklinga sem jafnframt væru í meðferð. Í kjölfar þess að bréfið barst fór embætti landlæknis í heimsókn á Vog þann 4. júní 2018 til að leggja mat á það hvaða úrbætur þyrftu að eiga sér stað til að hægt væri að halda áfram að sinna þjónustu við þennan hóp tímabundið þar til lausn væri í auglýn. Embætti landlæknis sendi heilbrigðisráðherra greinargerð 5. júní 2018 þar sem niðurstöður þeirra heimsóknar komu fram. Embætti landlæknis setti fram ábendingar til stjórnenda á Vogu er varða skipulag meðferðar og mönnun til þess að tryggja öryggi barna og ungmenna eins vel og verða má.

Í júní 2018 var haldin [vinnustofa](#) á vegum heilbrigðisráðuneytisins (þá velferðarráðuneyti) um málefni barna og ungmenna sem glíma við neysluvanda. Þann 2. júní 2020 opnaði síðan fíknigeðdeild Landspítala í samstarfi við Barna- og unglingsgeðdeild tveggja rúma afeitrunardeild ætlaða fyrir ólögráða ungmenni í alvarlegri vímuefnatöku.

Fyrir liggur skýrsla heilbrigðisráðherra [um framtíðarskipulag heilbrigðisþjónustu fyrir börn og ungmenni með vímuefnavanda](#) sem gefin var út 15. júní árið 2021.

## Starfsemi og þjónusta

Stofnanir í heilbrigðisþjónustu eiga að setja sér stefnu og innleiða hana á markvissan hátt til þess að skapa ramma um þjónustuna í samræmi við það sem fram kemur í [Stefnu fyrir heilbrigðisþjónustu til ársins 2030](#).

Ungmennameðferðin hjá SÁÁ, bæði á göngudeildinni Von og á sjúkrahúsinu Vogu, er ætluð einstaklingum sem eru sjálfir tilbúnir til að fara í meðferð. Upplýsingar um ungmennameðferðina eru á [heimasíðu SÁÁ](#).

Í töflu 1 sést að frá árinu 2018 hefur börnum sem lögð eru inn til meðferðar á Vogu fækkað umtalsvert. Samkvæmt stjórnendum er áfram lögð áhersla á góða samvinnu við Barna- og fjölskyldustofu ef barn leggst inn til meðferð. Vogur veitir lækni- og hjúkrunarþjónustu þeim börnum sem hafa verið í alvarlegri neyslu og eru í neyðarvistun á Stuðlum, fyrir liggur samningur þar að lútandi.

Árið 2021 urðu samkvæmt stjórnendum tvö börn af níu lögráða meðan þau lágu inni þannig að fjöldinn var í raun sjö og þau börn öll á 18. aldursári. Börn eru ekki lögð inn nema það sé eindreginn vilji forráðamanna sem ekki sjá aðrar leiðir færar. Samkvæmt stjórnendum fer fram mikil undirbúningsvinna, þétt samvinna er við foreldra/forráðamenn og barnavernd komi það til að barn eigi að leggjast inn á ungmennadeildina og lagt upp með að legudagar séu sem fæstir. Börnum ásamt foreldrum er frekar boðin þjónusta á göngudeild SÁÁ og hefur það gefist vel að sögn stjórnenda. Í töflu 2 eru upplýsingar um fjölda barna sem fengið hafa þjónustu á göngudeildinni VON. Á árunum 2018 til 2021 voru samtals 13 börn í hópmeðferð ungmenna á göngudeildinni þar af voru tíu börn 17 ára gömul.

Árlegur fjöldi innlagðra sjúklinga 14 – 17 ára í meðferð á Vogu				
Aldur	Árið 2018	Árið 2019	Árið 2020	Árið 2021
14	1	1	0	0
15	7	3	1	0
16	14	12	0	0
17	26	20	11	9
<b>Heildarfjöldi</b>	<b>48</b>	<b>36</b>	<b>12</b>	<b>9</b>

Tafla 1.

Árlegur fjöldi barna sem fékk viðtöl á göngudeildinni Von				
Aldur	Árið 2018	Árið 2019	Árið 2020	Árið 2021
11	1	0	0	0
12	1	0	0	0
13	0	0	0	0
14	0	1	1	2
15	1	1	0	2
16	2	11	6	13
17	9	7	11	24
<b>Heildarfjöldi</b>	<b>14</b>	<b>20</b>	<b>18</b>	<b>41</b>

Tafla 2.

Árið 2019 voru aldursviðmið sjúklinga í ungmennameðferð 22 ára og yngri, en árið 2020 voru aldursmörk hækkuð í 25 ára og yngri (18-25 ára). Samkvæmt stjórnendum voru aldursviðmið hækkuð á faglegum forsendum. Ein af skýringum stjórnenda um hækkun aldurs var að Alþjóðaheilbrigðisstofnunin (WHO) skilgreinir ungmenni sem þau sem eru á aldursbilinu 18 – 25 ára. Skilgreiningin byggir á þeirri þekkingu að

heilinn er enn að þroskast allt til 25 ára aldurs og síðast þroskast framheilastjórnun. Þessi aldurshópur er ólíkur þeim sem fullorðnir eru og taka þarf mið af því til að ná betri árangri í meðferð þessa hóps. Viðmið fyrir innlögn á ungmennadeildina eru þó ekki einungis byggð á aldri heldur þroska hvers og eins. Í töflu 3 má sjá miðgildi aldurs allra sjúklinga (aldursbilið var 14 – 25) sem lögðust inn á ungmennadeildina árin 2018 til 2021. Líkt og fram kemur hér fyrir ofan var aldursviðmiðið ekki það sama öll árin.

Miðgildi aldurs allra innlagðra sjúklinga 25 ára og yngri				
	Árið 2018	Árið 2019	Árið 2020	Árið 2021
<b>Miðgildi aldurs</b>	21	21	22	22

Tafla 3.

Meðferð ungmennis hefst oftast á göngudeildinni Von þar sem fram fer greining á vandanum, komið er á meðferðarsambandi og meðferðarmöguleikar kynntir. Á göngudeildinni er einnig boðið upp á tíu vikna námskeið fyrir foreldra ungmenna í neysluvanda. Markmið námskeiðsins er að auka færni foreldra til að styðja við ungmenni á uppbyggilegan hátt og stuðla að jákvæðari og betri fjölskylduvirkni. Vegna þess að ungmennin eru lögráða er ekki haft samband við aðstandendur ef ungmennin vilja það ekki, en samkvæmt starfsfólki eru þau ávallt hvött til að láta fjölskyldu vita af líðan sinni og framgangi meðferðar.

Á ungmennadeildinni er áhersla á einstaklingsbundna og kynjaskipta meðferð, fræðsluerindi, áfallasögu og innsæi í sjúkdóminn. Verkefnavinna og daglegir hópfundir fara fram í sér rými fyrir ungmennin. Að mati stjórnenda hefur það gefið góða raun að kynjaskipta allri meðferð, þá er meiri ró og auðveldara að ræða ýmis viðkvæm málefni. Ungmenni sem rætt var við voru sátt við kynjaskiptingu en stundum getur þetta verið erfitt í hópavinnu ef kynjahlutföll eru mjög ójöfn.

Áhersla er á að ráðgjafar nýti sér áhugahvetjandi samtalstækni í samskiptum við ungmennin. Ungmennin sitja nokkra fyrirlestra með fullorðnum en eru þá í fylgd sinna ráðgjafa/starfsfólks. Skipulögð útivist er í boði daglega fyrir ungmennin. Lengd innlagnar á ungmennadeildinni á Vogu er persónubundin en er alla jafna sjö til tíu dagar eins og fram kemur í töflu 4.

Meðalfjöldi legudaga 25 ára og yngri				
	Árið 2018	Árið 2019	Árið 2020	Árið 2021
< 18 ára	8	9	6	5
18-25 ára	9	9	9	8

Tafla 4.

Áður en til útskriftar kemur er eftirfylgni skipulögð í samvinnu við sjúklinginn og flest ungmenni fara í sérsniðna hópmeðferð fyrir ungmenni á göngudeildinni Von. Flest ungmenni sem koma í meðferð á Vog búa ekki í foreldrahúsum og þurfa oft fjárhagsaðstoð, stuðning við að finna húsnæði og aðstoð við að komast í vinnu eða nám. Fram kom að markvisst er unnið að því að sjúklingar fái aðstoð félagsráðgjafa á viðeigandi þjónustumiðstöðvum þegar það á við. Stjórnendur telja mikilvægt að efla samstarf við Virk og Vinnumálastofnun til að halda ungmennum í virkni eftir útskrift úr meðferðinni og vinna þannig enn frekar að því að hindra bakslag. Samvinna var komin af stað en vegna áhrifa af heimsfaraldri COVID-19 hefur hún ekki verið til staðar undanfarna mánuði.

## Gæði og öryggi

*Gæða- og öryggismenning felur í sér sameiginleg gildi og viðhorf, sem ásamt skipulagi og stjórnun leiða til ákveðins vinnulags og hegðunarmynsturs varðandi öryggismál. Meginþættir hennar eru: þekking á gæða- og*

öryggismálum, skuldbinding og forysta við að tryggja öryggi notenda, samskipti, samstarf sem og skráning og úrvinnsla atvika.

Þróuð gæða- og öryggismenning er fyrir hendi þegar gæði þjónustu og öryggi notenda heilbrigðisþjónustu er sett í öndvegi og áhættustjórnun er samofin þjónustunni. Slíkt felur m.a. í sér að sífellt er unnið kerfisbundið að umbótum, hugað er að öryggi kerfislægra og mannlegra þátta og atvik eru nýtt sem námstækifæri. Enn fremur einkennist hún af opnum samskiptum og gagnkvæmu trausti milli starfsmanna og notenda.

Landlæknir hefur lagt fram *Áætlun um gæðapróun í heilbrigðisþjónustu 2019* sem staðfest er af heilbrigðisráðherra og gefur henni vægi á við reglugerð. Áætluninni er ætlað að vera leiðsögn til þeirra sem veita heilbrigðisþjónustu um hvaða kröfur eru gerðar til þeirra og hvernig þau geta uppfyllt þær kröfur. Þar kemur fram hvernig heilbrigðisstofnanir geta stöðugt fylgst með gæðum og öryggi þjónustunnar og brugðist við með umbótastarfi þegar þess gerist þörf. Í áætluninni eru fjórar megin stoðir: umbótaferli og stjórnskipulag, gæðavísar, skráning og úrvinnsla atvika og loks þjónustukannanir. Samkvæmt lögum um landlækni og lýðheilsu, nr. 41/2007 skulu heilbrigðisstofnanir og heilbrigðisstarfsmenn taka mið af staðfestri áætlun landlæknis um gæðapróun við gerð gæðaáætlana.

Unnið er að því að skipuleggja og formfesta umbótavinnu og ýta markvisst undir gæða- og öryggismenningu að sögn stjórnenda. Í byrjun árs 2022 var ráðinn gæðastjóri í fullt starf á Vog og er hann í forsvari fyrir umbóta- og gæðastarf fyrir alla meðferð sem SÁÁ veitir. Gæðastjórinn heyrir beint undir forstjóra og hefur að hans eigin sögn haft *Áætlun um gæðapróun í heilbrigðisþjónustu* sem leiðarvísi í sínu starfi. Unnið hefur verið markvisst að því að bæta almennar upplýsingar fyrir sjúklinga og aðstandendur á heimasíðu SÁÁ um starfsemi og þjónustu sjúkrahússins. Gæðauppgjöri fyrir árið 2021 var skilað til embættis landlæknis og stefnt er á að birta það á heimasíðu SÁÁ samkvæmt stjórnendum. Þverfaglegur umbótahópur hóf störf í ágúst 2022 við að greina mikilvægustu þjónustuferla meðferðarsviðs Vogs samhliða því að endurskoða og fjölga skriflegum vinnulýsingum og verkferlum í rafrænni gæðahandbók Vogs. Til staðar er öryggishandbók fyrir starfsfólk á innra neti SÁÁ.

Stofnað var þverfaglegt teymi árið 2019 (sálfræðingur, áfengis og vímuefnaráðgjafi, geðlæknir og lýðheilsufræðingur) til að þróa sérhæft meðferðarefni og finna leiðir til að efla þjónustu við ungmenni. Fyrirlestraefni og hópmeðferðarverkefni voru endurunnin með virkni skjólstæðinga í huga. Horfið var frá hefðbundnu fyrirlestraform að mestu leyti og unnið með efnið á annan hátt sem hæfir ungu fólki. Fagfundir eru haldnir reglulega til að viðhalda áframhaldandi þróun og umbótum á meðferð. Að sögn stjórnenda hefur þessi vinna skilað meiri skilvirkni í meðferðarvinnu og biðtími eftir innlögn er styttri.

### **Skráning í sjúkraskrá og upplýsingagjöf**

Notast er við rafrænt sjúkraskrákerfi, PMO kerfi sem ekki er samtengt við Sögukerfið eða önnur sjúkraskrákerfi sem gerir það að verkum að aðrir meðferðaraðilar, svo sem heilsugæslulæknar geta ekki séð skráðar færslur. Læknabréf eru send rafrænt í gegnum Heklu kerfið til heilsugæslunnar og til sérfæðinga innan geðþjónustu Landspítalans þegar við á. Í þessari úttekt var skráning í sjúkraskrá ekki skoðuð sérstaklega. Að sögn stjórnenda er auðvelt að nálgast tölulegar upplýsingar um umfang starfseminnar og niðurstöður gæðavísa úr PMO kerfinu.


Daglega er samráðsfundur starfsfólks ungmennameðferðar á Vog þar sem farið er yfir framvindu meðferðar innliggjandi sjúklinga. Vikulega eru haldnir þverfaglegir teymisfundir og mánaðarlega eru fagfundir. Starfsfólk ungmennadeildarinnar er í samvinnu og samstarfi við aðrar stofnanir þegar við á og er þá upplýsingum komið til skila með bréfum eða á fundum.

## Gæðavísar

Reglulega er fylgst með árangri og umfangi starfseminnar að sögn stjórnenda. Tölulegar upplýsingar eru birtar á heimasíðu SÁÁ. Þegar úttektin var gerð voru nýjustu upplýsingar þar frá 2018. Eftirfarandi gæðavísar hafa verið skilgreindir og niðurstöður þeirra koma fram í gæðauppgjöri fyrir sjúkrahúsið í heild:

- Biðtími eftir innlögn á meðferðardeild.
- Hlutfall endurinnlagna innan árs.
- Hlutfall ótímabærrar loka meðferðar (útskrift án samráðs við fagaðila), innan fimm daga og eftir fimm daga í meðferð.

Í tengslum við úttektina óskaði embættið eftir niðurstöðum gæðavísa fyrir ungmennadeildina sérstaklega.



Mynd 1.

Í kjölfar breytinga á ungmennadeildinni hefur biðtími ungmenna yngri en 25 ára styst úr tæpum þremur mánuðum í u.þ.b. tvær vikur, stundum styttra. Lögð er áhersla á að ungmenni komist strax inn. Ýmsar ástæður geta þó verið fyrir því að lengri tími líður frá því beiðni er móttækin, þar til ungmenni leggst inn, því stundum reynist erfitt að ná sambandi við ungmenni. Sjá má á mynd 1 að meðalbiðtími hefur styst.

Aukið aðgengi í kjölfar skipulagsbreytinga á ungmennameðferðinni 2020 endurspeglast líka í aðeins hærra hlutfalli á endurinnlögnum innan árs. Vegna þessarar breytinga sem tóku gildi á vormánuðum 2020 er samanburður við 2019 og 2020 annars vegar og 2021 hins vegar ekki raunhæfur. Eftir breytingar þurfa ungmenni ekki að bíða eftir innlögn, hvort sem um fyrstu komu er að ræða eða endurkomu. Árið 2019 var hlutfall endurinnlagna 26%, árið 2020 var það 21% en var 30% árið 2021.

Hlutfall sjúklinga á ungmennadeildinni sem útskrifuðu sig sjálfir án samráðs var 13% árið 2021 (N=390). Alls komu 18 ungmenni (33%) af þeim sem útskrifuðu sig sjálfir aftur til innlagnar innan árs. Flestir sem útskrifuðu sig sjálfir án samráðs gerðu það á fyrstu 5 dögum.

## Skráning og úrvinnsla atvika

*Í lögum um landlækni og lýðheilsu nr. 41/2007 segir í 9. gr.: „Heilbrigðisstofnanir ... skulu halda skrá um óvænt atvik í þeim tilgangi að finna skýringar á þeim og leita leiða til að tryggja að þau endurtaki sig ekki.“*

Atvik eru skráð á þar til gerð eyðublöð og unnið er úr þeim jafnóðum. Árið 2021 voru fjögur af 21 atviki sem skráð var á Vogu tengd sjúklingum á ungmennadeildinni. Farið er yfir skráð atvik með starfsfólki og í framhaldi unnið að úrbótum ef við á. Samkvæmt stjórnendum eru atvik fátíð og einnig er sjaldgæft að ofbeldi eigi sér stað. Ef sjúklingur sýnir ógnandi hegðun og/eða beitir ofbeldi, er viðkomandi boðið að rjúfa meðferð og koma síðar. Allt ofbeldi er tilkynnt til lögreglu.



Ekkert alvarlegt atvik tengt ungmennadeildinni hefur verið tilkynnt til embættis landlæknis undandarin ár og engar formlegar kvartanir hafa borist embættinu.

### **Notendamiðuð þjónusta og umhverfisaðstaða (eða aðbúnaður sjúklinga)**

Frá því embættið gerði síðast úttekt á sjúkrahúsinu Vogu hafa húsgögn ungmennadeildar verið endurnýjuð, deildin máluð í bjartari litum og umhverfið fegrað m.a. með nýjum myndum á veggjum. Matsalurinn er sameiginlegur fyrir alla sjúklinga en ungmennin hafa sér borð fyrir sig. Svefnrými er fyrir tíu ungmenni á sér gangi í húsnæði spítalans, þau rými eru oftast nýtt fyrir karlkyns ungmenni. Að auki hafa ungar konur og kynsegin svefnrými á aðliggjandi gangi og þar eru einnig sjúkrastofur fyrir fullorðna. Herbergi kvenkyns og kynsegin eru innst á gangi næst ungmennadeild og snyrtiaðstaða er kyngreind. Í þeim undantekningar tilfellum þegar börn leggjast inn eru þau með svefnrými á gátinni sem er næst hjúkrunarvaktinni. Reynt er að lágmarka eins og kostur er samgang milli fullorðna og ungmennanna. Myndavélavöktun er í opnum rýmum.

Þjónustukönnun er lögð fyrir reglulega á sjúkrahúsinu Vogu, síðast í mars 2021. Þjónustukönnunin kom almennt vel út. Þess ber að geta að fáir af ungmennadeild tóku þátt og því ekki hægt að draga fram þær niðurstöður sérstaklega. Í tengslum við úttektina tóku fulltrúar embættis landlæknis viðtöl við fjóra innliggjandi sjúklinga. Í þeim samtölum kom fram almenn ánægja er varðar viðmót starfsfólks, alla faglega þjónustu. Allir sem rætt var við voru sáttir með dvölinna og voru komnir með áætlun um áframhaldandi stuðning eftir útskrift af deildinni. Að þeirra mati voru nokkrir þættir sem þyrfti að bæta á Vogu einkum er varðar húsnæðið og hreinlæti. Sturtuáðstaða að þeirra mati mætti vera betri og þrif þá sérstaklega á snyrtingum. Sjúklingar nefndu að fjölbreyttari valmöguleikar mættu vera til staðar hvað varðar afþreyingu og aðstaða til að stunda hreyfingu betri, en tóku sérstaklega fram að þau væru ánægð með útivist sem boðið er upp á.

### **Mannauðsmál og starfsumhverfi**

Að mati stjórnenda er mönnun á ungmennadeildinni góð og í samræmi við umfang starfseminnar. SÁÁ nýtir mannaúskerfið HR monitor, starfsmannakannanir eru gerðar á 3 mánaða fresti. Í samtölum embættisins við starfsfólk og stjórnendur kom fram að starfsumhverfi væri almennt gott, traust ríki meðal starfsfólks og starfsandi væri góður. Starfsmannavelta er lítil samkvæmt stjórnendum, meðalstarfsaldur starfsmanna á ungmennadeildinni er fjögur ár og fjórir mánuðir.

Á deildinni eru samtals 9,67 stöðugildi fagaðila sem eru fullmönnuð. Stöðugildi sálfræðings er 0,9, læknis 0,45 og stöðugildi hjúkrunarfræðings 0,45. Stöðugildi áfengis- og vímuefnaráðgjafa eru 6,66 og lýðheilsufræðings 0,48. Áfengis- og vímuefnaráðgjafar deildarinnar eru á dagvöktum en á kvöldin og á næturnar er sameiginleg vakt í húsinu. Þverfaglegir teymisfundir og stöðufundir eru haldnir vikulega.

Fram kom að starfsfólk er hvatt til að sækja bæði námskeið og ráðstefnur innanlands og erlendis. Nám áfengis- og vímuefnaráðgjafa fer fram á Vogu og vikulega er fræðsla er fyrir allt starfsfólk. Námskeið í skyndihjálp fer fram annað hvert ár fyrir allt starfsfólk Vogs.

### **Mat embættis landlæknis**

Svo sem fram hefur komið í þessari skýrslu ákváðu stjórnendur á Vogu árið 2018, í samráði við heilbrigðisráðherra, að hætta að veita meðferð fyrir börn (einstaklinga yngri en 18 ára) þótt þjónustu við börn yrði ekki alfarið hætt. Ljóst er samkvæmt þeim upplýsingum sem embætti landlæknis hefur frá stjórnendum á Vogu að börn hafa aðeins í undantekningartilvikum verið lögð inn til meðferðar á Vogu frá árinu 2018 og þá ávallt í samvinnu og samráði við forsjáraðila og barnavernd. Árið 2020 voru aldursviðmið sjúklinga deildarinnar hækkuð í 25 ár, sem fyrr segir. Það var gert á faglegum forsendum og í samræmi við hvernig Alþjóðaheilbrigðisstofnunin (WHO) skilgreinir ungmenni. Að mati embættis landlæknis eru þetta fullnægjandi skýringar og því

ekki tilefni til að aðhafast frekar í tengslum við ábendingu um að börn væru í meðferð með fullorðnum einstaklingum upp að 25 ára aldri á unglingsdeild á Vogu.

Ungmennameðferðin er að mestu leyti kynjaskipt og aðskilin annarri meðferð á sjúkrahúsinu. Á dagvöktum á virkum dögum eru fagaðilar á vakt sem sinna einungis sjúklingum á ungmennadeildinni. Embætti landlæknis hvetur til þess að ákveðinn starfsmaður sé skilgreindur til að sinna ungmennadeildinni á kvöld- og helgarvöktum.

Ljóst er að töluverðar jákvæðar breytingar hafa átt sér stað á starfsemi á sjúkrahúsinu Vogu frá því embættið gerði síðast úttekt árið 2017. Stöðugt og kerfisbundið gæða- og umbótastarf er í gangi á Vogu og lögð hefur verið áhersla á uppbyggingu og þróun meðferð fyrir ungmenni. Starfsfólk ungmennadeildarinnar er meðvitað um mikilvægi umbóta- og gæðastarfs og tekur þátt. Mikilvægt er að sú vinna haldi áfram, henni verði fylgt eftir og verkefni tímasett og forgangsraðað. Jákvætt er að ráðinn hefur verið gæðastjóri til að halda utan um og leiða gæða- og umbótastarfið. Að mati embættisins eru tækifæri til efla umbótastarf enn frekar með því að safna með reglubundnum hætti upplýsingum frá sjúklingunum sjálfum og nýta þeirra reynslu og álit til að gera þjónustuna enn notaendavænni og skilvirkari. Til að mynda kom fram hjá þeim ungmennunum sem rætt var við í tengslum við úttektina að þeim fannst ekki nægilega mikið vera í boði til afþreyingar síðdegis. Einnig var nefnt að aðstaða til að stunda hreyfingu mætti vera betri, í því samhengi var tekið fram hve jákvæð áhrif hreyfing hefur á líðan og svefn. Einnig komu fram athugasemdir við hreinlætisaðstöðu. Að mati embættisins þarft að bregðast við þessum athugasemdum og vinna að umbótum í samvinnu við ungmennin.

Niðurstöður þeirra valgæðavísa sem skilgreindir hafa verið fyrir starfsemi ungmennadeildarinnar koma almennt jákvætt út sem er ánægjulegt. Biðtími ungmenna eftir meðferð hefur styst og hlutfall þeirra sem hætta meðferð án samráðs er lágt. Embætti landlæknis leggur áherslu á mikilvægi þess að áfram sé fylgst með niðurstöðum þessa gæðavísa í því skyni að meta árangur, auka gæða- og öryggisvitund og stuðla að áframhaldandi umbótum. Embættið hvetur til þess að sett verði markmið og niðurstöður gæðavísa bornar saman við árangur sambærilegrar heilbrigðisþjónustu erlendis sé þess kostur. Embætti landlæknis tekur undir áherslur stjórnenda um að stuðla að meiri virkni ungmenna eftir meðferð á Vogu með því að efla samstarf við Virk og Vinnumálastofnun þar sem þekkt er að skipulögð virkni hefur jákvæð áhrif á að árangur meðferðar haldist og dregur úr líkum á baklagi.

Embætti landlæknis hvetur til þess að stjórnendur ræði reglulega um mikilvægi atvikaskráningar og tilgang hennar við starfsfólk.

## Tilmæli og ábendingar embættis landlæknis

Í 11. gr. laga um landlækni og lýðheilsu segir m.a.:

Landlæknir gerir áætlun um gæðaþróun innan heilbrigðisþjónustunnar og skal hún lögð fyrir ráðherra til staðfestingar. Áætlun um gæðaþróun skal miða að því að efla gæði og öryggi heilbrigðisþjónustunnar og stuðla að framþróun hennar.

Enn fremur að:

Heilbrigðisstofnanir og heilbrigðisstarfsmenn skulu við gerð gæðaáætlana taka mið af staðfestri áætlun landlæknis um gæðaþróun.

Embætti landlæknis beinir þeim tilmælum til stjórnenda ungmennadeildarinnar á Vogu að unnið verði markvisst samkvæmt *Áætlun um gæðaþróun í heilbrigðisþjónustu 2019 – 2030* og setur í því samhengi fram eftirfarandi ábendingar:

1. Styðja þarf markvisst við stjórnendur og starfsfólk til að breytingar og umbótavinna sem í gangi er skili árangri:
  - a. Kynna þarf markvisst rafræna gæðahandbók og verklagsreglur fyrir starfsfólki og ítreka mikilvægi þess að nýta gæðaskjöl í daglegu starfi.
  - b. Skilgreina þarf hvaða verklagsreglum allir þurfa að standa skil á og fylgja eftir að starfsfólk tileinki sér þær.
  - c. Tryggja þarf reglulegan stuðning og handleiðslu fyrir starfsfólk.
2. Fara þarf skipulega yfir niðurstöður gæðavísa og eftir því sem kostur er bera þær saman við árangur sambærilegrar heilbrigðisþjónustu erlendis. Fylgja þarf niðurstöðum eftir og nýta til umbóta. Embættið hvetur til þess að niðurstöður séu birtar á heimasíðu SÁÁ.
3. Efla ætti enn frekar samvinnu við notendur þjónustunnar. Halda þarf áfram reglulegum þjónustukönnunum með sérstaka áherslu á ungmenni og aðstandendur og nýta niðurstöður þeirra til umbóta.
4. Tryggja þarf að skráning og úrvinnsla atvika sé markviss sem og eftirfylgni þannig að umbætur eigi sér stað. Skilgreina þarf hvaða atvik skuli ávallt skráð og öll alvarleg atvik skal tilkynna embætti landlæknis.
5. Útbúa þarf skriflegt verklag þar sem fram koma þau atriði sem huga þarf sérstaklega að í þeim undantekningar tilvikum þegar einstaklinga undir 18 ára leggst inn til meðferðar.
6. Halda þar áfram að bæta aðstöðu ungmenna til að hreyfa sig og skapa fleiri tækifæri til þess.

Embætti landlæknis mun fylgja framangreindum tilmælum og ábendingum eftir með því að yfirfara árlegt gæðauppgjör ungmennadeildar á Vogu.